

Rannveig Sigurðardóttir

ATVINNUSKAPANDI AÐGERÐIR - BARA FYRIR KARLA

Eindi haldi á ráðstefnu Kvænnalistans Hótel Sögu, 20. febrúar 1993

Góðir fundagestir

INNGANGUR

Áður en ég reyni að svara spurningunni hvort atvinnuskapandi aðgerðir séu bara fyrir karla þá ætla ég að fara hratt yfir hagsögu s.l. áratuga. Ég tel nauðsynlegt að setja umræðuna um atvinnuskapandi aðgerðir í samhengi við það sem hefur verið að gerast hér heima fyrir og erlendis síðastliðið ár.

* Keynes

Efnahagsstefna kennd við breska hagfræðingin Keynes ruddi sér til rúms í kreppunni miklu á 4 áratugnum og má segja að hún hafi verið allsráðandi á vesturlöndum þar til í byrjun 8. áratugarins.

Útgangspunktur Keynesismans er sá að markaðurinn sé í eðli sér óstöðugur. Fái markaðurinn að leika lausum hala hefur það í för með sér sveiflur í þjóðarframleiðslu og atvinnustigi, sveiflur frá því markaðsjafnvægi sem hagfræðin þráir.

Því telja Keynsistar að ríkisstjórnir þurfi að grípa til aðgerða sem vinni gegn þessum sveiflum þannig að markaðsjafnvægi náist.

Dæmigerðar stjórnvaldsáðgerðir eru breytingar á ríkisútgjöldum. Þegar t.d. þjóðarframleiðsla dregst saman þá telja Keynsistar að ríkisstjórnir geti tekið lán, heima fyrir eða erlendis, til að fjárfesta í **arðbærum** opinberum framkvæmdum. Auknar opinberar framkvæmdir hafa margfeldisáhrif í þjóðfélaginu; þeir sem þannig fá vinnu borga skatta svo að ríkið hefur af þeim skatttekjur en ekki aðeins útgjöld eins og það hefði ef þyrti að halda þeim uppi með atvinnuleysisbótum.

Mikilvægustu margfeldisáhrifin eru þó þau að atvinnuskapandi starfsemi skapar eftirspurn eftir framleiðsluvöru markaðarins svo og að þeir sem áður voru atvinnulausir hafa meira handa á milli og geta því neytt meira. Þannig eiga hjól framleiðslunnar smá saman að fara að snúast.

En það sem oft gleymist þegar vitnað er til efnahagsstefnu í anda Keynes er að hann taldi að á góðærunum ætti að borga til baka þau lán sem tekin voru, ná niður ríkishallanum og leggja fyrir til mögru áranna.

Sérstaklega hættir stjórnvöldum til að gleyma þessu. Það er jú eins og við öll vitum, auðveldara að auka útgjöldin en að draga þau saman.

Sem dæmi um þetta má nefna að árið 1987, þegar núverandi ríkisstjórnarflokkar sátu enn við völd ásamt Framsóknarflokki, mældist hagvöxtur 8,7% - en þrátt fyrir það jökst erlend skuldasöfnun þjóðarbúsins um 23%.

Það er því ankannanlegt að heyra hneikslan núverandi ráðamanna á skuldasöfnun þjóðarinnar síðasta áratug, þegar haft er í huga að skuldsöfnun jökst einna mest á mesta hagvaxtarárinu, en þá sátu að mestu sömu menn við stjórnvöldin.

* Monetaristar

Þegar árið 1948 kemur Milton Friedman fram með sína gagnrýni á efnahagsstefnu Keynes, en áhrif þeirrar gagnrýninnar verður ekki vart í stjórnvaldsaðgerðum fyrr en á áttunda áratugnum.

Monitaristarnir telja að hinn frjálsi markaður sé forsenda fyrir stöðugleika. Verð og laun aðlagist framboði og eftirspurn. Að þær sveiflur sem verða frá markaðsjafnvæginu séu ekki það miklar að þær kalli á stjórnvaldsaðgerðir. Besta efnahagspólítíkin að mati monitarista er að notast við eina fyrirframákveðna reglu sem er allir þáttakendur leiksins þekkja. Þessi regla er sú að breyta pengingamagni þannig að það sé minnkað á þenslutímum en aukið á samdráttartímum.

Monetaristar telja að afskipti stjórnvalda í anda Keynes hafi í besta falli ekki önnur áhrif en þau að auka skuldir ríkissins en þeir telja stjórnvaldsaðgerðir oftast verri en ekkert þar sem aðgerðirnar komi oftast of seint og ýki þannig hagsveifluna og lengi hana.

Þessi gagnrýni Monetaristanna á vissulega við rök að styðjast. Upplýsingar um þróun helstu hagstærða koma oft ekki fram fyrr en ársfjórðungi eða jafnvel ári seinna. Þetta getur haft í för með sér að þegar upplýsingarnar liggja fyrir hafi aðstæður í þjóðfélaginu breytst í grundvallaratriðum.

Gott dæmi um þetta má lesa í leiðara síðasta heftis THE ECONOMIST:

„Þegar George Bush tapaði forsetakosningunum fyrir þremur mánuðum var mikill uppgangur í efnahagslífi Bandaríkjanna og hefði sá uppgangur tekið flesta kjósendur með trompi - ef þeir hefðu vitað af honum. Nú er þetta komið í ljós og svo virðist sem Bill Clinton og nokkrir nánustu ráögjafar hans séu einir um að loka augunum fyrir því hvað þetta býðir. Bandaríkin þurfa síst af öllu á örjun frá því opinbera að halda. Samt er það þetta sem Herra Clinton virðist ákveðinn í að gera.“ „When George Bush lost his presidency three months ago, the American economy was growing at a pace that would mighty have impressed most voters - had they known about it. Now the facts are out, and it seems that only Bill Clinton and some of his senior advisers are prepared to ignore their significans. The last thing American needs is a fiscal stimulus. Yet that is what Mr Clinton seems determined to give it.“ THE ECONOMIST February 13th 1993.

En Monitaristarnir hafa einnig bent á að stjórnvaldsaðgerðir taka oft mið af pólitiskum hagsmunum ríkisstjórnna. Eins og við vitum mólast ákværðanir stjórnvalds oft af því að verið er að taka tillit til hagsmuna ýmissa þrýstihópa.

Sem dæmi um slíkt má nefna þensluna sem varð kosningavorið 1991 og 6% gengisfellingn s.l nóvember.

* Frá fullri atvinnu til viðvarandi atvinnuleysis

Segja má að olíuverðhækkanirnar í lok ársins 1973 hafi markað þáttaskil hvað varðar efnahagsstefnur í Vestur Evrópu. Hagvöxtur og full atvinna verða ekki lengur markmið efnahagsstefnunnar heldur verður markmiðið að ná niður verðbólgunni og

Monetarisminn verður nær allsráðandi.

Beitt er aðhaldi í peningamálum sem á að ná niður verðbólgunni. En vextir, verð og laun, sem eiga samkvæmt kennisetningunni að aðlagst peningaframboði, aðlagst ekki. Þvert á móti eykst atvinnuleysi og hefur það verið um 10% í Evrópulöndum OECD síðan á 8. áratugnum og framleiðslan í þessum löndum virðist einnig hafa aðlagast þessu ástandi og hefur verið viðvarandi um 10% undir framleiðslugetu.

Og stjórnvöld skelltu skollaeyrunum við allri gagnrýni - því að samkvæmt kennisetningunni á framleiðslan og atvinnuleysi að aðlagast peningamagninu.

Það er ekki fyrr en á síðasta ári að virtar gagnrýnisraddir fara að heyrast - virtar raddir sem hlustað er á - raddir sem efast um efnahagsstefnu síðasta áratugar. Og ekki að ófyrirsynju. Atvinnuleysi í Evrópulöndum OECD hefur, eins og áður sagði, verið um 10% að meðaltali síðustu áratugi. Heil kynslóð hefur nú vaxið úr grasi við þær aðstæður að atvinnuleysi er eitthvað sem reikna verður með. Æ stærri hluti þjóðartekna fer til óframleiðinnar framfærslu - Danir eyða nú jafnstórum hluta þjóðartekna sinna í atvinnuleysisbætur og við eyðum til menntamála.

Og nú eru orð eins og opinberar framkvæmdir, atvinnuskapandi aðgerðir, farin að sjást æ oftar á síðum virtra tímarita og í ályktunum opinberra aðila. Clinton ætlar í slaginn í Bandaríkjum. En hér á landi er ríkisstjórnin læst í gömlum klisjum monetaristanna, sem nú eru að verða úreltar, um að það sem máli skipti sé að halda verðbólgunni í skefjum.

SEINNI HLUTI

Þessi langi inngangur kann að virðast allsendis óháður fyrirsögn erindisins; Atvinnuskapandi aðgerðir - bara fyrir karla.

Mér finnst nauðsynlegt að setja umræðuna um atvinnuskapandi aðgerðir í sitt sögulega samhengi.

Því ég tel nauðsynlegt að við lærum af reynslunni um þær hættur sem felast í því að fylgja - eða fylgja ekki kennisetningum hagfræðinnar.

Einnig þarf að setja átökin hér heima fyrir um það hvort fara eigi út í atvinnuskapandi aðgerðir með lántöku hins opinbera í samhengi við það sem er að gerast annars staðar í heiminum.

Því að staðan nú er sú að æ fleiri, hér á landi sem annars staðar, gera sér grein fyrir því að aðeins er um tvær leiðir að ræða;

* annað hvort að láta atvinnuleysi halda áfram að aukast og vonast til að hagvöxtur fari að glæðast einhversstaðar úti í hinum stór heimi og við það aukist eftirspurn eftir vörum okkar **eða**

* reyna að skapa sjálf atvinnutækifæri hér heima fyrir og fá hjólin þannig til að snúast.

UM AÐGERÐIRNAR

„Gott samgöngukerfi er veigamikill þáttur í öflugum hagvexti. ... það má þannig færa veigamikil rök fyrir því að samgönguframkvæmdir séu **arðbærar** framkvæmdir fyrir allt þjóðarbúið. ... (Þá er einng haft í huga að þessi fjárfesting **kallar ekki á árleg rekstrarútgjöld síðar**)." Úr tilkynningu frá forsætisráðuneytinu 15.9.1992, feitletrun mín , RS.

„Það hefur mikla þýðingu að fara út í aðgerðir eins og viðhald bygginga og fjárfestingar í samgöngubótum og fjarskiptakerfum á samdráttartímum." NFS skjal.

„Á tínum mikils atvinnuleysis er einmitt **ódýrara** að fjárfesta í endurbótum í samgöngukerfinu.“ NFS skjal.

Þetta eru aðeins sýnishorn, en hvergi í öllu því sem ég hef lesið er minnst á að veita fé í aðrar atvinnuskapandi aðgerðir en einmitt þær sem taldar eru upp hér að ofan - vegagerð, viðhald opinberra bygginga og fjárfestingar í fjarskiptakerfum. Það skiptir engu máli hvaðan tillögurnar koma, hvort þær koma frá stjórnvöldum, atvinnurekendum eða verkalýðshreyfingunni.

„Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður“ sungu Grýlurnar forðum.

Ég sprýr: Hvað er svona arðbært við vegagerð?

Er eitthvað sem gerir vegagerð og viðhald opinberra bygginga arðbærari fjárfestingar en t.d. byggingu leikskóla eða þjónustuþúða fyrir aldraða?

Leikskólar eru þjóðhagslega hagkvæmir og skipta verulegu máli fyrir atvinnulífið á samam hátt og góðir vegir og það sama má segja um þjónustu við aldraða. Við vitum að þjóðin er að eldast og að þörfin fyrir öldrúnabjónustu mun aukast næstu áratugi. Það hlýtur því að vera þjóðhaglega hagkvæmt og skynsamlegt að flýta uppbyggingu þessarar þjónustu, nú þegar ódýrara er að byggja - svo að vitnað sé í rökstuðning tillöguhöfunda sem ég las hér áðan.

Miskiljið mig samt ekki. Mér er fullljóst að góðar samgöngur eru mikilvægar fyrir byggðir landsins. Ég er ekki að tala gegn því að ráðist verði í vegaframkvæmdir. Ég er fyrst of fremst að vekja athygli á því að að engin þessara aðgerða leysir atvinnuleysisvanda kvenna.

SPURNINGAR OG SVÖR?

En spurningin „Hvað er svona miklu arðbærara við vegagerð en við byggingu leikskóla og þjónustuþúða fyrir aldraða?“ hefur leitað á mig lengi án þess að ég gæfi mér tíma til að finna við henni svar. Þess vegna tók ég að mér að flytja þetta erindi.

Að vísu hef ég ekki fundið svarið - ég held að við þessari spurningu eins og svo mörgum öðrum sé ekkert einfalt svar. En mig langar hér að fara yfir nokkrar hugsanlegar skýringar á því hvers vegna vegagerð og viðhald eru í svona miklu dálæti hjá tillöguhöfundum.

Er svarið við spurningunni falið í eðli starfseminnar

Ef svo er þá er svarið ekki að finna í kennslubókum. Þar er hvergi að finna skilgreiningu á því hvers konar atvinnuskapandi aðgerðir eru arðbærar. Þar er aðeins nefnt að þær þurfi að vera mannaflafrekar og þær þurfa að vera samfélagslega nauðsynlegar. En hvað er það sem ákvarðar hvað er samfélagslega nauðsynlegt - eða öllu heldur hvað er samfélagslega nauðsynlegra en annað?

Við vitum að oft hafa lán til íbúðabygginga verið veitt gagngert vegna atvinnuástandsins á viðkomandi stað. Þar með ætti bygging leikskóla eða þjónustuþúða að vera fullt eins gjaldgeng sem arðbær atvinnuskapandi aðgerð og viðhald húsa.

Er það kannski konum að kenna að vinna ekki við vegagerð?

Bygging leikskóla veitir ekki mörgum konum atvinnu - ekki sjálf byggingin

frekar en vegagerð eða viðhald húsa. En margar konur fengju atvinnu í næsta fasa, þegar starfsemin fer í gang.

Er hér komin skýring á því hvers vegna **ekki** er farið út í slíkar framkvæmdir;

Ég ætla að lesa aftur hluta af tilkynningu forsætisráðuneytisins sem ég vitnaði í hér áðan:

„Þá er einng haft í huga að þessi fjárfesting kallar **ekki** á árleg rekstrarútgjöld síðar.“

En næsti fasi leikskólabyggingar kallar sko heldur betur á árleg rekstrarútgjöld síðar.

Hér held ég held að hluta skýringarinnar sé að leita.

Einnig er hægt að spyrja sig hvort karla skorti hugmyndaflug

Eru hugmyndir þeirra sem nú vinna að tillögum um atvinnumál ef till vill arfur úr kreppunni miklu 1930 þegar mörg störf voru sköpuð með því að setja fé einmitt í vegagerð. Hafa þessir hugmyndafræðingar látið sér nægja að fletta upp í sögubókunum?

Eða lýsir þetta reynsluheim karla?

Þó að góðar samgöngur skipti máli þá hafa orðið ýmsar breytinga á þjóðfélagsgerðinni síðan 1930. Atvinnupáttaka kvenna hefur aukist mikið síðan þá. Þess vegna má leiða líkur að því að atvinnuskapandi framkvæmdir, eins og bygging leikskóla hafi jafnmikla þýðingu fyrir atvinnureksturinn í landinu og vegagerð.

Eða er, í auknu atvinnuleysi, ekki eins brýn þörf fyrir aðgerðir sem skapa atvinnu fyrir konur, þar sem jafnvel hentugt þykir að konur fari af vinnumarkaði og veiti ókeypis þá vinnu sem þær áður unnu fyrir laun?

Ég bara spyr?

LOKAORD

Markmið þessarar ráðstefnu er að benda á þær leiðir sem konur vilja fara til að sporna við atvinnuleysi og skapa ný atvinnutækifæri. Mitt innlegg bendir kannski ekki á leiðir - það er frekar hugsað til að vekja athygli á því að það er ekki sjálfgefið að vegagerð og viðhald opinberra bygginga séu einu arðbæru atvinnuskapandi aðgerðirnar sem grípa má til.

Við verðum líka að hafa í huga, að það skipti máli fyrir atvinnulíf framtíðarinnar - sértaklega fyrir atvinnupáttöku kvenna - að þær atvinnuskapandi aðgerðir sem farið verður út í nú verði ekki eingöngu á sviði vegagerðar og viðhalds.

Það eru til aðrar samfélagslegar nauðsynlegar framkvæmdir, ég hef nefnt bygging leikskóla og þjónustuþúða fyrir aldraða sem dæmi, aðgerðir sem ekki aðeins veita konum atvinnu og renna styrkum stoðum undir atvinnulíf í landinu, heldur er sú þjónusta sem t.d. leikskólar veita einnig undirstaða atvinnupáttöku kvenna í framtíðinni.